

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 227/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Snorra Hjaltasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 15. september 1981, en málnu var einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. desember s. á.

Ríkissaksóknari krefst þess, að ákærða verði refsað samkvæmt því, sem segir í ákæruskjali 20. mars 1979, þó svo, að hér fyrir dómi er horfið frá tilvitnunum í ákæruskjali til 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu.

Samkvæmt vitnaskýrslum, sem grein er gerð fyrir í hér- aðsdómi, og með hliðsjón af skýrslum ákærða sjálfs er sök sú sönnuð, sem hann er borinn í ákæruskjali. Varðar atferli hans við þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, er greinir í ákæruskjali.

Verjandi ákærða telur, að sök hans, þótt sönnuð kynni að þykja, sé fyrnd, sbr. 80. gr., 1. tl. 81. gr. og 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem hér eigi við samkvæmt lög- jöfnun, sbr. nú 4.—6. gr. laga nr. 20/1981.

Brot ákærða er framið 28. október 1978. Var það rann- sakað þann dag fyrir lögreglu og blóðsýni tekið. Ákvörðun á alkóhólmagni í því lá fyrir hinn 30. október s. á. Rann- sóknargögn þessi sendi fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi ríkissaksóknara með bréfi 2. mars 1979 og óskaði fyrirlags hans um frekari meðferð málsins. Ríkissaksóknari gaf út

ákæru 20. s. m. og sendi hana bæjarfógetanum í Kópavogi samdægurs. Fulltrúi bæjarfógetans sendi sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu ákærana með bréfi 22. október 1980 og óskaði eftir því, að hún yrði birt ákærða, honum kynnt sakargögn og leitað eftir afstöðu hans til varna í málinu. Háði fulltrúi sýslumannsins dómþing í málinu 24. október s. á. Var ákærða þar birt ákæran og rannsóknargögn málsins kynnt. Kvað ákærði ákærana ranga og neitaði sakargiftum. Hann óskaði eftir, að hæstaréttarlögmaður sá, sem varið hefur hann í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti, yrði skipaður verjandi sinn. Fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi skipaði hæstaréttarlögmanninn verjanda hans með bréfi 13. janúar 1981. Samdægurs var sýslumanninum í Austur-Skaftafellssýslu ritað bréf með ósk um, að ákærði yrði yfirheyrður í sakadómi um ákæruefni. Var það gert í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu 10. mars 1981. Málið var síðan sent bæjarfógetanum í Kópavogi með bréfi 11. s. m. Voru háð dómþing í málinu í sakadómi Kópavogs 12. maí og 15. júní, er málið var tekið til dóms og dæmt hinn 19. s. m.

Stórfelldur dráttur hefur orðið á rekstri málsins og mikil hlé orðið á milli dómþinga, en þó eigi svo, að sök sé fyrnd.

Brot ákærða er ítrekað. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 svo og ákvæði dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Víta ber þann mikla drátt, sem orðið hefur á rekstri máls þessa hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snorri Hjaltason, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 19. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. júní sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 20. mars 1979, „á hendur Snorra Hjaltasyni verkamanni, Lyngbrekku 10, Kópavogi, fæddum 30. september 1952 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 28. október 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 7380 ljóslausri í myrkri stuttan spöl um bifreiðastæði við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að laugardaginn 28. október 1978, kl. 0210, er lögreglumenn í Reykjavík voru staddir á Kringlumýrarbraut á gatnamótum norðan Borgartúns, veittu þeir því athygli, að bifreið var ekið um ljóslausri á bifreiðastæðinu austan við veitingahúsið Klúbbinn. Óku þeir að bifreiðastæðinu, en þá stökk ökumaður bifreiðarinnar út úr henni og tók á rás vestur Borgartún. Hörður Sigurðsson, lögreglumaður nr. 155, veitti ökumanni eftirför og náði að stöðva för hans á Borgartúni móts við Sindrastál. Er lögreglumenn höfðu tal af ökumanni, er reyndist vera ákærði í máli þessu, fundu þeir sterkan áfengisþef leggja frá vitum hans.

Ákærði var færður á lögreglustöðina í Reykjavík og þar fyrir varðstjóra, þar sem kærði neitaði staðfastlega að hafa ekið umræddri bifreið, er reyndist vera Sunbeam, græn að lit, skrásetningarnr. Y 7380.

Að lokinni skýrslugjöf var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem tekið var blóðsýni úr honum. Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að 2.14‰ alkóhóls hefðu verið í blóði ákærða umrætt sinn.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðar sama dag skýrði ákærði frá því, að hann hefði, um kl. 2200, kvöldið áður ekið bifreiðinni Y 7380 frá heimili sínu að veitingahúsinu Klúbbnum og lagt bifreiðinni á bifreiðastæði austanvert við veitingahúsið. Kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis fyrir þann akstur.

Ákærði kvaðst síðan hafa farið inn í veitingahúsið og drukkið þar eitt glas af whisky. Síðan kvaðst ákærði hafa farið heim til sín með leigubifreið og staldrað þar við í um það bil tuttugu mínútur, en þá aftur farið í veitingahúsið Klúbbinn með annarri leigubifreið. Kvaðst ákærði hafa drukkið þar um það bil fjögur glös af whisky á tímabilinu frá kl. 2330 til 0030. Ákærði kvaðst síðan hafa farið um kl. 0200 út í bifreiðina Y 7380, þar sem hann hefði skilið við hana kvöldið áður, og hafi hann ekið bifreiðinni stuttan spöl á bifreiðastæðinu austanvert við veitingahúsið. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áfengisáhrifa við þennan akstur.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 24. október 1980, var honum birt ákæra, dskj. nr. 3. Taldi ákærði hana ranga og neitaði hann sakargiftum. Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 10. mars 1981 og skýrði þá svo frá, að hann hefði farið á bifreiðinni Y 7380 í Klúbbinn snemma kvölds og drukkið þar áfengi. Hann hefði síðan farið með leigubifreið heim til sín til þess að sækja peninga, en þaðan hefði hann farið aftur í Klúbbinn með annarri leigubifreið, en skilið lykla bifreiðarinnar Y 7380 eftir heima. Eftir að dansleik lauk í Klúbbnum, kvaðst ákærði hafa farið út í bifreiðina Y 7380 í því skyni að ganga betur frá henni. Hafi þá lögreglan komið að, og þar sem ákærði óttaðist lögregluna í því ásigkomulagi, sem hann þá var í, tók hann það til bragðs að hlaupa á brott.

Mótmælti ákærði skýrslu þeirri, er hann gaf hjá rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978 og taldi hana marklausa. Hafi hann játað fyrir rannsóknarlögreglu að hafa ekið undir áhrifum áfengis, þar sem sér hefði verið hótad gæsluvarðhaldi ella. Einnig hafi honum verið meinað að hafa samband við fjölskyldu sína svo og að leita eftir aðstoð lögmanns.

Vitnið Hörður Sigurðsson lögreglumaður, Laugavegi 144 í

Reykjavík, kom fyrir dóm þann 12. maí sl., og mundi vitnið eftir því að hafa hlaupið ökumann bifreiðar þeirrar, er í ákæru getur, uppi eftir að hafa fylgst með akstri hans við veitingahúsið Klúbbinn.

Vitnið kvaðst hafa verið í eftirlitsferð á lögreglubifreið ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, er það veitti fyrrgreindri bifreið eftirför meðfram veitingahúsinu, en er vitnið átti eftir ófarna 10—30 m að þeirri bifreið, hefði ákærði farið út úr bifreiðinni í auglýsn vitnisins. Vitnið hefði síðan handsamað ákærða á hlaupum, en aldrei hefði það misst sjónar á honum.

Taldi vitnið sig muna greinilega að hafa séð ákærða aka bifreiðinni og væri ekki um það nokkur vafi.

Vitnið Sigurjón Bjarnason bifreiðaeftirlitsmaður, Asparfelli 8 í Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag og skýrði svo frá, að það hefði ásamt lögreglumanni ekið Sætún umrædda nótt og þá séð 2 bifreiðar austan við veitingahúsið Klúbbinn. Hafi önnur þeirra verið kyrrstæð, en hin hringsólað þar í kring. Lögreglumaðurinn hafi ekið inn á bifreiðastæði Klúbbsins og veitt bifreið þeirri, er var í akstri, eftirför vestur fyrir húsið. Þar hefði bifreiðin verið stöðvuð og ökumaður sá, er með vitninu var, hlaupið á eftir ökumanninum. Vitnið kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni út á Kringlumýrarbraut, þaðan um sund út á Borgartún og ekið það í vestur, þar sem vitnið kom að ákærða og lögreglumanninum, er sá síðarnefndi handsamaði þann fyrrnefnda.

Kvaðst vitnið hafa fylgst með ákærða, frá því að það sá hann fyrst hringsóla á bifreiðinni og þar til hann var kominn út úr bifreiðinni og stokkinn yfir grindverk það, er hann yfirgaf bifreiðina við. Þá taldi vitnið sig muna næstum örugglega, að bifreið ákærða hafi verið af tegundinni Ford Cortina.

Vitnið Björg Jóhannesdóttir rannsóknarlögreglumaður, Engihjalla 11 hér í bæ, kom fyrir dóm og kvaðst muna eftir því, að ákærði hefði játað fyrir því ölvun við akstur. Vitnið hefði ekki haft nein áhrif á þessar játningar ákærða og fullyrðingar hans um hótanir vitnisins væru hreinn tilbúningur. Þá taldi vitnið fjarstæðu, að um nokkurn þrýsting af þess hálfu hefði verið að ræða, enda hlyti ákærði þá að hafa haft í frammi einhverja tilbúningu til þess að hnekkja játningum sínum fyrr en raun var á.

Vitnið Magnús Jenssen, Löngubrekku 30 hér í bæ, kom fyrir dóm og kvaðst muna mjög óljóst eftir atvikum máls þessa, en þó kvaðst vitnið muna að hafa veitt því sérstaka athygli, að lög-

reglan var að reyna að stöðva bifreið við veitingahúsið Klúbbinn. Kvaðst vitnið hafa séð, er ökumaður bifreiðarinnar reyndi að komast undan lögreglunni, fyrst á bifreiðinni, en síðan hafi hann stöðvað hana, stokkið út úr henni og tekið til fótanna. Þá kvaðst vitnið hafa ekið eftir Borgartúni í sömu átt og ákærði hljóp og síðan í veg fyrir hann. Ákærði hefði þá gefist upp á hlaupunum og lögreglumaður, sem var í náinni eftirför, hefði handsamað hann. Vitnið kvaðst ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni, enda hefði það séð það, en hvar á svæðinu við Klúbbinn ákærði ók né heldur hvar á svæðinu hann skildi bifreiðina eftir, mundi vitnið ekki.

Af hálfu ákærða hefur verið skilað skriflegri vörn, dskj. nr. 20, og gerðar þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Sérstaklega er mótmælt þeirri rannsóknaraðferð, að við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu var ákærða meinað að kalla til lögmanns á því stigi málsins, og enn fremur, að játningar ákærða undir þeim kringumstæðum væru markleysa, og því væri ekki unnt að leggja þær til grundvallar dómi.

Því er haldið fram, að vitnið Sigurjón Bjarnason hafi ekki séð ákærða aka bifreið sinni af tegundinni Sunbeam, heldur hafi vitnið séð aðra bifreið af tegundinni Ford Cortina og ranglega dregið ályktun, að ákærði hefði ekið henni. Þá hefðu vitni verið í töluverðri fjarlægð og komið myrkur, er þeir urðu varir við bifreiðina í akstri.

Sýknukrafa er studd þeim rökum, „að ósannað sé með öllu, eða a. m. k. ekki komin fram lögfyll sönnun þess efnis, að það hafi verið ákærði, sem ók bifreið þeirri, sem vitnin sáu í akstri á bifreiðastæði veitingahússins Klúbbsins í umrætt skipti. Með eiðfestum framburði vitnisins Sigurjóns Bjarnasonar, bifreiðaeftirlitsmanns, er það sannað, að bifreið þessi var af gerðinni Ford Cortina, árg. 1970, en bifreið ákærða er hins vegar af gerðinni Sunbeam. Það er því vafalítið, að vitnin hafa farið mannavillt. Ef til vill ekki óeðlilegt með tilliti til myrkurs og mannfjölda við skemmtistaðinn, en þessi atburður skeði rétt eftir lokum hans. Hefur því ökumaður Ford Cortinu bifreiðarinnar átt auðvelt með að láta sig hverfa í mannfjöldann í skjóli myrkurs. Hins vegar sker hlaupandi maður sig úr, og það hefur villt vitnunum sýn.

Að endingu vil ég vekja athygli á því, að mál þetta hefur

dregist úr hófi fram. Birting ákæru, sem gefin var út 20. mars 1979, fer ekki fram fyrr en 24. október 1980, eða tæplega tveimur árum eftir atburðinn. Þetta gerir það að verkum, að öll vörn af hálfu ákærða verður erfiðari en ella. Er hugsanlegt, að ákærða hefði tekist að færa fram frekari sönnun fyrir sakleysi sínu en nú er unnt, t. d. með vitnaframburðum, því að hugsanlegt er, að einhverjir aðrir hafi orðið sjónarvottar að þessum atburði. Nú er þetta hins vegar orðið of seint. Tel ég, að dómara þessa máls beri að hafa þetta í huga, þegar meta skal þau sönnunargögn, sem hér liggja fyrir.“

Niðurstöður.

Í máli þessu hafa þrjú vitni borið að hafa séð ákærða aka bifreiðinni Y 7380 ljóslausri í myrkri um bifreiðastæði við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík. Fullyrðingar þess efnis, að þarna hafi verið um einhverja aðra bifreið að ræða, eru studdar svo veikum rökum, að eigi þykja efni til að ætla, að svo hafi verið.

Ákærði játaði fyrir rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978 að hafa ekið bifreiðinni Y 7380, svo sem segir í ákæru, undir áhrifum áfengis. Fyrir dómi þann 10. mars 1981 dró ákærði þessar játningar til baka, en gerði ekki reka að leiðréttingu á meintum marklausum framburði fyrr. Fullyrðingar ákærða um hótanir rannsóknarlögreglu eru órökstuddar.

Réttur handtekinna manna á skipuðum réttargæslumanni var lögfestur með lögum nr. 53/1979, er tóku gildi 30. maí 1979. Með vísan til þess svo og þar sem eigi þykir af öðrum ástæðum hafa verið skylt að leyfa ákærða að hafa samband við lögmann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 28. október 1978, verður ekki unnt að líta svo á, að ákærði hafi sætt ólögmætum rannsóknaraðferðum, en meðferð opinberra mála samkvæmt bandarískum rétti byggist á réttarfari, sem í verulegum atriðum er ólíkt hinu íslenska, og er því eigi unnt hér að styðjast við úrlausnir þarlendrar dómstóla.

Mál þetta hefur dregist, en telst þó eigi fyrnt, þar sem ákærði kom fyrir dóm, áður en 2 ár voru liðin frá því að verknaðurinn var framinn.

Þá ber að geta þess, að meginástæða fyrir drætti málsins er sú, að ákærði hefur flutt úr umdæminu, og var ekki vitað um dvalarstað hans fyrr en í október 1980.

Með vísan til alls þess, er að framan er rakið, niðurstaðna alkóhólrannsóknar svo og annarra gagna málsins þykir nægjan-

lega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1970 5/2 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 41. gr. umferðarlaga.

1973 14/9 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/10 1972.

1975 5/3 í Reykjavík. Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/10 1974.

1978 17/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Refsing ákærða þykir samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þeirra laga-ákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá sama degi.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Hjaltason, greiði kr. 4.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.